

188

31. okt.

REGLUGERÐ

um verðlagsmál.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri ræður starfsmenn verðlagsskrifstofunnar og trúnaðarmenn utan Reykjavíkur, að fengnu samþykki ráðherra. Skrifstofustjórar skulu skipaðar af ráðherra.

2. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra skal starfa í tveim deildum, verðlagningardeild og eftirlitsdeild. Skrifstofustjóri skal hafa forstöðu hvorrar deildar undir yfirumsjón verðlagsstjóra. Skal skrifstofustjóri annast dagleg störf viðkomandi deildar.

3. gr.

A. Skrifstofustjóri verðlagningardeildar skal:

1. Undirbúa tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál og annast birtingu ákvarðana hennar.
2. Sjá um athugun og staðfestingu á verðútreikningum.

B. Skrifstofustjóri eftirlitsdeildar skal:

1. Hafa á hendi stjórn dagslegs eftirlits í Reykjavík og umdæmi hennar.
2. Undirbúa kærur um verðlagsbrot og afla nauðsynlegra gagna í því sambandi.
3. Hafa umsjón með öflun skýrslna um verðlag og annast birtingu þeirra.

Skrifstofustjórar skulu og hafa umsjón með störfum eftirlitsmanna utan Reykjavíkur og gefa þeim fyrirmæli hvor á sínu sviði.

4. gr.

Verðlagsstjóri ákveður í samráði við ráðherra fjölda trúnaðarmanna utan Reykjavíkur og starfsumdæmi þeirra, eftir því sem bezt hentar á hverjum tíma.

5. gr.

Seljendum vöru og þjónustu ber að snúa sér til skrifstofu verðlagsstjóra eða viðkomandi trúnaðarmanna hans með staðfestingu á söluverði.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. október 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.